

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/46/EB

frá 23. júlí 2001

um breytingu á tilskipun ráðsins 95/53/EB um setningu meginreglna um skipulag opinberra skoðana á sviði dýrafæðu og breytingu á tilskipunum 70/524/EBE, 96/25/EB og 1999/29/EB um dýrafæðu

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum b-lið 4. mgr. 152. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmála-nefndarinnar⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Öryggi afurða, sem ætlaðar eru í fódur, er forgangsatriði og nauðsynlegt er að tryggja að afurðir, sem settar eru í dreifingu í bandalaginu til nota í fódur, séu öruggar. Tilskipun ráðsins 95/53/EB frá 25. október 1995 um setningu meginreglna um skipulag opinberra skoðana á sviði dýrafæðu⁽⁴⁾ stuðlar að því að þetta markmið náist.
- 2) Tilskipun ráðsins 74/63/EBE hefur verið felld niður með 16. gr. tilskipunar ráðsins 1999/29/EB frá 22. apríl 1999 um óæskileg efni og óæskilegar afurðir í dýrafæðu⁽⁵⁾. Þar af leiðandi verður að breyta tilvísunum í tilskipun 74/63/EBE í samræmi við töfluna í IV. viðauka við tilskipun 1999/29/EB.
- 3) Að því er varðar tilvísun til dreifingar á afurðum sem nota á í fódur er nauðsynlegt að samræma skilgreiningarnar sem notaðar eru í tilskipunum 70/524/EBE⁽⁶⁾, 95/53/EB og 96/25/EB⁽⁷⁾ á sviði fódurs.
- 4) Nýlega hafa komið upp tvö tilfelli alvarlegrar díoxín-mengunar í afurðum sem ætlaðar voru til nota í fódur. Reynslan af þessum tilvikum sýnir að nauðsynlegt er að bæta málsmeðferð sem gildir um

tilvik þar sem afurð, sem ætluð er í fódur stofnar heilbrigði manna eða dýra eða umhverfinu í alvarlega hættu eða ef upp kemst um ákveðin brot á tilskipun 1999/29/EB. Markmiðið er að ná með þessum hætti betri stjórn á ýmiss konar áhættuþáttum sem annars myndu draga úr umfangi verndunar heilbrigðis manna og dýra og umhverfisins sem kveðið er á um í reglugerðum bandalagsins um fódur, án þess þó að þessi sérstaka málsmeðferð verði gerð ómerk með því að henni sé sífellt beitt á smávægileg vandamál.

- 5) Skoðun, sem framkvæmdastjórnin annaðist í kjölfar díoxín-mengunar í fódur- og matvælaferlinu, leiddi í ljós að aðildarríkin áttu í vandræðum með að takast á við svo óvenjulegt hættuástand. Reynslan hefur sýnt fram á að til þess að tryggt sé að í gervöllu bandalaginu sé jafngild trygging fyrir því að hægt sé að hafa stjórn á alvarlegri hættu, sem stafar af afurð til nota í fódur, á skilvirkan hátt er nauðsynlegt að taka upp ákvæði þar sem þess er krafist að aðildarríkin hafi til reiðu viðbúnaðaráætlanir til að ráða við neyðarástand á sviði fódurs.
- 6) Ef heilbrigði manna eða dýra eða umhverfinu er stofnað í alvarlega hættu í aðildarríki af völdum afurða til nota í fódur og ef hlutaðeigandi aðildarríki getur ekki með fullnægjandi hætti haldið þeirri hættu í skefjum er nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin geti gripið til allra nauðsynlegra varúðaráðstafana og hafi einkum vald til að stöðva viðskipti með og útflutning á afurðum til nota í fódur frá aðildarríkinu í heild eða hluta þess eða fastsetja sérstök skilyrði fyrir viðkomandi afurðir eða efni.
- 7) Í tilskipun 1999/29/EB eru fastsett leyfileg hámarksviðmiðunargildi fyrir tiltekin óæskileg efni og afurðir í fódurefnum og fódri.
- 8) Þegar hefur verið komið á fót kerfi til að gera aðildarríkjum kleift að fá upplýsingar frá rekstraraðilum á öllum stigum fódurframleiðsluferlisins um ákveðin tilvik sem ekki samræmast reglunum um óæskilegar afurðir og efni. Með tilliti til fenginnar reynslu og hins svipaða fyrirkomulags, sem kveðið er á um í reglum bandalagsins um almennt öryggi afurða, skal bæta þetta kerfi og víkka það út þannig að það eigi við um öll tilvik þar sem

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 274 E, 26.9.2000, bls. 28 og Stjtið. EB C 96 E, 27.3.2001, bls. 279.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 367, 20.12.2000, bls. 11.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 4. október 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 12. febrúar 2001 (Stjtið. EB C 93, 23.3.2001, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. maí 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 19. júní 2001.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 265, 8.11.1995, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/77/EB (Stjtið. EB L 333, 29.12.2000, bls. 81).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 115, 4.5.1999, bls. 32.

⁽⁶⁾ Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri (Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 1999/20/EB (Stjtið. EB L 80, 25.3.1999, bls. 20).

⁽⁷⁾ Tilskipun ráðsins 96/25/EB frá 29. apríl 1996 um dreifingu fódurefnis (Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 35). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/16/EB (Stjtið. EB L 105, 3.5.2000, bls. 36).

rekstraraðili telur að afurð til nota í fóður stofni heilbrigði manna eða dýra eða umhverfinu í alvarlega hættu.

- 9) Eins og sakir standa er skylda að tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það þegar líklegt er að vörusending af fóðurefni eða fóðri, sem ekki er í samræmi við hámarksviðmiðunargildi fyrir óæskileg efni og afurðir, verði send til annarra aðildarríkja.
- 10) Nauðsynlegt er að fella þetta kerfi, sem byggist á skjótum skiptum á upplýsingum, inn í tilskipun 95/53/EB og koma á staðlaðri málsmeðferð um notkun þess þannig að í framtíðinni sé hægt að beita því í öllum tilvikum þar sem afurð stofnar heilbrigði manna eða dýra eða umhverfinu í hættu og í því skyni að bæta skoðunarkerfið í heild. Til að auka einfaldleika og skilvirkni skal einnig beita þessu kerfi ef aðildarríki hafnar afurð frá þriðja ríki við skoðun vegna innflutnings. Þessar stöðluðu málsmeðferðir gætu, með fyrirvara um breytingar, verið þær sömu og mælt er fyrir um varðandi upplýsingaskipti í neyðartilvikum samkvæmt tilskipun ráðsins 92/59/EB frá 29. júní 1992 um öryggi framleiðsluvöru⁽¹⁾.
- 11) Ekki er mögulegt að skrá alla mengun af líffræðilegum eða efnafræðilegum toga sem kann að hafa hættu í för með sér, kann að verða af völdum slyss eða ólöglegrar aðgerðar og getur haft áhrif á afurð sem nota á í fóður.
- 12) Taka skal tillit til áhættunnar á því að hætta skapist vegna rangra merkinga eða vegna meðhöndlunar, flutnings, geymslu eða vinnslu.
- 13) Til að bæta skilvirkni skoðunarkerfisins og viðeigandi ráðstafanir við skoðun, þar sem grunur leikur á að mengun stofni heilbrigði manna eða dýra eða umhverfinu í alvarlega hættu, ber aðildarríkjunum skylda til að sannprófa eðli og umfang mengunarinnar og leggja allt kapp á að sanngreina uppruna hennar í því skyni að finna hvers kyns aðra mögulega mengun.
- 14) Í tilskipun 95/53/EB er þess krafist að aðildarríkin leggi fyrir framkvæmdastjórnina upplýsingar um niðurstöður skoðananna sem framkvæmdar eru á hverju ári, í fyrsta skipti fyrir 1. apríl 2000. Einnig er mælt fyrir um að þessar skýrslur muni framkvæmdastjórnin nota til að útbúa og leggja fram heildaryfirlitsskýrslu skoðana sem fara fram á vettvangi bandalagsins, ásamt tillögu að samræmdri skoðunaráætlun fyrir næsta ár. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu taka tillit til upplýsinga um mengun, sem hefur áhrif á öryggi afurðar sem nota á í fóður, þegar þau ákveða forgangsatridi fyrir árlegu, samræmdu skoðunaráætlunina. Allar upplýsingar, sem safnað er um áhættuþætti fyrir heilbrigði

manna, heilbrigði dýra eða fyrir umhverfið og varða dreifingu og notkun afurða í fóður, er hægt að greina betur ef þær eru lagðar fram á samhæfðan og staðlaðan hátt.

- 15) Að teknu tilliti til þess sem að framan greinir skal breyta tilskipunum 95/53/EB, 70/524/EBE, 96/25/EB og 1999/29/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun ráðsins 95/53/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 1. mgr. 2. gr. er breytt sem hér segir:

- a) í stað annars undirliðar í a-lið komi eftirfarandi:

„— tilskipun ráðsins 1999/29/EB frá 22. apríl 1999 um óæskileg efni og óæskilegar afurðir í dýrafæðu (*).“

(*) Stjútíð. EB L 115, 4.5.1999, bls. 32.“

- b) í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) „afurð ætluð í fóður“ eða „afurð“: fóður eða hvers kyns efni, notað í fóður;“

- c) í stað h-liðar komi eftirfarandi:

„h) „setja í dreifingu“ eða „dreifing“: að geyma hvers kyns afurð, ætlaða í fóður, með tilliti til sölu, einnig að bjóða þriðja aðila til sölu eða afhendingar með einhverjum öðrum hætti, gegn greiðslu eða ekki, einnig sjálf salan og afhendingin sem fer fram með einhverjum öðrum hætti.“;

2. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 4. gr.:

„4. gr. a“

1. Aðildarríkin skulu semja viðbúnaðaráætlanir þar sem settar eru fram ráðstafanir sem framkvæma skal án tafar ef komið hefur í ljós að afurð, sem ætluð er í fóður, stofnar heilbrigði manna eða dýra eða umhverfinu í alvarlega hættu og þar sem tilgreint er valdsvið og skyldur, sem og leiðir til að senda upplýsingar. Aðildarríkin skulu endurskoða þessar áætlanir, eftir því sem við á, einkum í ljósi breytinga á þjónustu sem skoðunaraðilinn veitir og fenginnar reynslu, þ.m.t. þeirrar sem fæst við æfingar þar sem hermt er eftir aðstæðum.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni viðbúnaðaráætlanirnar sem þau semja og einnig hvers kyns breytingar á þeim.

(¹) Stjútíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 24.

3. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka áætlanirnar og leggja til við hlutaðeigandi aðildarríki hvers kyns breytingar sem gætu hjálpað við að tryggja að í viðbúnaðaráætlunum aðildarríkjanna komi fram jafngild trygging fyrir skilvirkni. Ef það reynist nauðsynlegt til að ná fram þessu markmiði er framkvæmdastjórninni heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 23. gr., að gefa út viðmiðunarreglur til að samræma viðbúnaðaráætlanirnar.“;

3. Í stað 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„1. Lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis getur með óhlutrægri slembiathugun á viðtökustað gengið úr skugga um að afurðir séu í samræmi við ákvæði a-liðar 1. mgr. 2. gr. Aðildarríkjunum er heimilt, en einungis að því marki sem nauðsynlegt er til að framkvæma þessar slembiathuganir, að biðja rekstraraðila að tilkynna að afurðin hafi borist þessu lögbæra yfirvaldi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar þau nýta sér þessa aðgerð.“;

4. Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:

„— gerir afurðirnar skaðlausar eftir því sem við á,“;

5. Í stað fyrstu málsgreinar 14. gr. komi eftirfarandi:

„Ef vörum er fargað, þær notaðar í öðrum tilgangi, endursendar til upprunalandins eða gerðar skaðlausar, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 13. gr., skal viðtökuaðildarríkið án tafar gera sendingaraðildarríkinu viðvart. Sendingaraðildarríkið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna viðtökuaðildarríkinu um það eftirlit, sem sinnt hefur verið, og niðurstöður þess, um þær ákvarðanir sem hafa verið teknar og þær ástæður sem liggja þeim til grundvallar.“;

6. Eftirfarandi þáttur bætist við á eftir 15. gr.:

„3. þáttur a

Öryggisákvæði

15. gr. a

1. Ef vandamál af völdum afurðar, sem nota á í fóður og líklegt er að stofni heilbrigði manna eða dýra eða umhverfinu í alvarlega hættu, kemur upp í einu eða fleiri aðildarríkjunum og ekki er mögulegt að ná tökum á því með þeim ráðstöfunum sem hlutaðeigandi aðildarríki grípur til skal framkvæmdastjórnin, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 23. gr. a, allt eftir því hve ástandið er alvarlegt, samþykka tafarlaust eftirfarandi ráðstafanir:

— stöðva dreifingu innan bandalagsins, notkun í fóður eða útflutning til þriðju landa á afurðum frá hlutaðeigandi aðildarríki, að hluta til eða í heild, eða frá einni eða fleiri starfsstöðvum sem staðsettar eru á yfirráðasvæði bandalagsins, eða

— kveða á um sérstök skilyrði fyrir dreifingu innan bandalagsins, notkun í fóður eða útflutning til þriðju landa á afurðum frá hlutaðeigandi aðildarríki, að hluta til eða í heild, eða frá einni eða fleiri starfsstöðvum sem staðsettar eru á yfirráðasvæði bandalagsins.

2. Þó er framkvæmdastjórninni heimilt, í neyðartilvikum, að samþykka til bráðabirgða ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr., að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðildarríki og eftir að hafa tilkynnt hinum aðildarríkjunum um það. Innan tíu virkra daga skal hún leggja málið fyrir fastanefndina um fóður sem komið var á fót með 1. gr. í ákvörðun 70/372/EBE (*) til að afla álits hennar, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr. a, í þeim tilgangi að framlengja, breyta eða fella þessar ráðstafanir úr gildi.

Ef aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni opinberlega að nauðsynlegt sé að grípa til verndarráðstafana og hafi framkvæmdastjórnin ekki skírskotað til ráðstafananna sem um getur í 1. mgr. getur aðildarríkið samþykkt bráðabirgðaverndarráðstafanir að því er varðar notkun og dreifingu. Samþykki aðildarríki slíkar ráðstafanir skal það tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það tafarlaust. Innan tíu virkra daga skal framkvæmdastjórnin leggja málið fyrir fastanefndina um fóður til að afla álits hennar, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr. a, í þeim tilgangi að framlengja, breyta eða fella úr gildi þessar bráðabirgðaverndarráðstafanir aðildarríkisins.

15. gr. b

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu um þær ráðstafanir sem gripið er til skv. 9. gr. a og 15. gr. a.

(*) Stjtið. EB L 170, 3.8.1970, bls. 1.“;

7. Eftirfarandi kafli bætist við á eftir 16. gr.:

„III. KAFLI A

UPPLÝSINGAKERFI FYRIR HÆTTUR AF VÖLDUM FÓÐURS

16. gr. a

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að þeir sem bera ábyrgð á starfsstöðvunum skuli án tafar tilkynna lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins ef þeir hafa sannanir fyrir því að afurðasending, sem er ætluð til fóðurs og þeir hafa flutt inn á yfirráðasvæði bandalagsins frá þriðja ríki eða sett í dreifingu og eru með í geymslu eða eiga:

— fari yfir hámarksviðmiðunargildin sem mælt er fyrir um í A-þætti í II. viðauka við tilskipun 1999/29/EB, en ef farið er yfir þau má ekki gefa dýrum afurðina sem slíka eða blanda henni við aðrar afurðir sem eru ætlaðar í fóður, eða

— uppfylli ekki eitt af hinum ákvæðunum sem um getur í a-lið 1. mgr. 2. gr. í þessari tilskipun og stofni heilbrigði manna eða dýra eða umhverfinu í alvarlega hættu vegna þess að þessi ákvæði eru ekki uppfyllt og með tilliti til þess til hvers þau eru ætluð.

Þeir sem bera ábyrgð á starfsstöðvunum skulu leggja fram allar upplýsingar, sem gera kleift að sanngreina með nákvæmum hætti viðkomandi afurð eða afurðasendingu ásamt eins ítarlegri lýsingu á hættunni, sem þessi afurð eða afurðir skapa, og mögulegt er, sem og allar fyrirliggjandi upplýsingar sem eru nytsamlegar til að rekja feril afurðarinnar eða afurðanna. Þau skulu einnig tilkynna lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna um aðgerðir, sem gripið er til í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að heilbrigði manna eða dýra eða umhverfinu verði stofnað í hættu og leggja fram lýsingu á þessum aðgerðum.

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um sömu kröfur um upplýsingar varðandi áhættuna sem afurðir, sem eru notaðar í fóður, hafa í för með sér fyrir einstaklinga sem sinna heilbrigðiseftirliti á bújörðum eins og þeim sem um getur í 10. gr. í tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum (*) og fyrir einstaklinga sem bera ábyrgð á rannsóknarstofum þar sem greining fer fram.

Eftir því sem við á skulu lögbær yfirvöld beita ákvæðum 8., 11. eða 13. gr.

16. gr. b

1. Búi lögbær yfirvöld aðildarríkjanna yfir upplýsingum sem gefa til kynna, á grundvelli fyrirliggjandi áhættumatsþátta, að afurðasending, ætluð í fóður, stofni heilbrigði manna eða dýra eða umhverfinu í alvarlega hættu skulu þau sannprófa upplýsingarnar sem þau fengu og, eftir því sem við á, tryggja að gripið sé til nauðsynlegra ráðstafana þannig að sendingin sé ekki notuð í fóður, setja takmarkanir viðvíkjandi þessari sendingu og rannsaka án tafar:

- eðli hættunnar og, eftir því sem við á, magn óæskilegra efna,
- mögulegan uppruna óæskilegu efnanna eða hættunnar,

í því skyni að meta hættuna nánar.

Eftir því sem við á skal víkka áhættumatið út þannig að það nái til annarra sendinga á sömu afurð eða afurðum í fóður- eða matvælaferlinu sem gætu innihaldið óæskileg efni eða sú hætta gæti verið til staðar og skal taka mið af því að óæskilegum efnum kann að hafa verið blandað í aðrar afurðir, ætlaðar í fóður, og að hættulegar afurðir kunna að hafa verið endurunnar í fóður.

2. Ef staðfest er, í samræmi við 1. mgr., að alvarleg áhætta sé fyrir hendi skulu aðildarríki tryggja að endanleg afdrif afurðasendingarinnar sem inniheldur óæskileg efni, þ.m.t. hugsanleg afmengun, frekari aðgerðir til að gera afurðirnar skaðlausar, endurvinnsla eða eyðing, geti ekki haft í för með sér skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið og, þar sem sá möguleiki er fyrir hendi að óæskileg efni eða hættan á því að slík efni séu til staðar hafi færst yfir á aðrar sendingar eða í fóður- eða matvælaferlið, skulu þau án

tafar auðkenna og setja undir eftirlit aðrar sendingar afurðanna sem taldar eru hættulegar og einnig, eftir því sem við á, auðkenna dýr á fæti, sem fóðruð hafa verið með hættulegum afurðum, og hrinda í framkvæmd ráðstöfununum, sem kveðið er á um í tilskipun 96/23/EB eða í öðrum viðeigandi bandalagsákvæðum, að því er varðar heilbrigði dýra eða matvælaöryggi afurða úr dýraríkinu, sem tryggir samræmingu milli þeirra þjónustuaðila sem annast eftirlit, í því skyni að koma í veg fyrir að hættulegar afurðir fari í dreifingu og til að tryggja að málsmeðferð um innköllun á afurðunum, sem þegar eru í dreifingu, komi til framkvæmda.

16. gr. c

1. Ef aðildarríki kemst að því að afurð, ætluð í fóður, sem sett hefur verið í dreifingu á yfirráðasvæði þess og annarra aðildarríkjanna eða að afurð upprunnin í þriðja landi, sem flutt hefur verið á yfirráðasvæði bandalagsins í því skyni að setja hana í dreifingu í einu eða fleiri aðildarríkjum:

- fari yfir hámarksviðmiðunargildin sem mælt er fyrir um í A-þætti í II. viðauka við tilskipun 1999/29/EB, en ef farið er yfir þau má ekki gefa dýrum afurðina sem slíka eða blanda henni við aðrar afurðir sem eru ætlaðar í fóður, eða
- uppfylli ekki eitt af öðrum ákvæðum sem um getur í a-lið 1. mgr. 2. gr. í þessari tilskipun og stofni heilbrigði manna eða dýra eða umhverfinu í alvarlega hættu vegna þess að þessi ákvæði eru ekki uppfyllt og með tilliti til þess til hvers þau eru ætluð,

skal aðildarríkið þegar í stað senda framkvæmdastjórninni viðvörðunartilkyningu.

Þar skulu koma fram nægar upplýsingar til að gera það kleift að sanngreina viðkomandi afurðir, rekja feril þeirra og setja þær undir eftirlit og, eftir því sem við á, þau dýr á fæti sem fóðruð hafa verið með þeim og þar skulu tilgreindar öryggisráðstafanir, sem fyrirhugaðar eru eða sem þegar hefur verið gripið til, í því skyni að gera framkvæmdastjórninni kleift að tilkynna það hinum aðildarríkjunum á viðeigandi hátt.

2. Öll hlutaðeigandi aðildarríki skulu án tafar gera framkvæmdastjórninni viðvart um hvers kyns ráðstafanir til eftirfylgni sem gerðar eru með tilliti til hættunnar sem tilkynnt var um, þ.m.t. upplýsingar um lok hættuástandsins.

3. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu koma á fót og starfrækja kerfi, sem byggist á skjótum skiptum á upplýsingum samkvæmt skilyrðum, sem sett eru í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 23. gr., í því skyni að flýta sendingu og útbreiðslu viðvarana, sem um getur í 1. mgr., og upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. 8. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu um þær ráðstafanir sem gripið er til til þess að flýta sendingu og útbreiðslu viðvarana.

(*) Stjtið. EB. L 125, 23.5.1996, bls. 10.“;

8. Í stað 2. mgr. 17. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu kveða á um að faglegar trúnaðarkvaðir gildi um þá embættismenn sem annast skoðunina. Þetta ákvæði skal hins vegar ekki hafa áhrif á möguleika lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna á að dreifa upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir að heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfinu verði stofnað í alvarlega hættu.“;

9. Í stað 17. gr. a komi eftirfarandi:

„17. gr. a

1. Með fyrirvara um 15. gr. er sérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar heimilt, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að fullnægja kröfum þessarar tilskipunar á samræmdan hátt, að framkvæma vettvangsskoðanir í samvinnu við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna. Aðildarríki skal veita sérfræðingunum alla aðstoð sem þeim er nauðsynleg til að inna af hendi skyldur sínar vegna skoðunar sem fram fer á yfirráðasvæði þess. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna lögbærum yfirvöldum, aðildarríkjunum og Evrópuþinginu um niðurstöður þeirra skoðana sem framkvæmdar eru.

2. Samþykkja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar, einkum um fyrirkomulag á samvinnu við innlend yfirvöld, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr.“;

10. Ákvæðum 22. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi setning bætist við í lok 2. mgr.:

„Þessar upplýsingar skulu settar fram í árlegum skýrslum í samræmi við fyrirmynd sem er unnin skv. 23. gr.“

b) Eftirfarandi undirgrein bætist við í lok 3. mgr.:

„Leggja skal heildaryfirlitsskýrsluna, sem um getur í fyrstu undirgrein, fyrir Evrópuþingið.“

2. gr.

Í stað k-liðar 2. gr. í tilskipun 70/524/EBE komi eftirfarandi:

„k) „setja í dreifingu“ eða „dreifing“: að geyma hvers kyns afurð, ætlaða í fóður, með tilliti til sölu, einnig að bjóða þriðja aðila til sölu, eða afhendingar með einhverjum öðrum hætti, gegn greiðslu

eða ekki, einnig sjálf salan og afhendingin sem fer fram með einhverjum öðrum hætti;“

3. gr.

Í stað b-liðar 2. gr. í tilskipun 96/25/EB komi eftirfarandi:

„b) „setja í dreifingu“ eða „dreifing“: að geyma hvers kyns afurð, ætlaða í fóður, með tilliti til sölu, einnig að bjóða þriðja aðila til sölu, eða afhendingar með einhverjum öðrum hætti, gegn greiðslu eða ekki, einnig sjálf salan og afhendingin sem fer fram með einhverjum öðrum hætti.“

4. gr.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 1999/29/EB eru hér með felldar úr gildi.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta, eigi síðar en 1. september 2002, nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. maí 2003. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. júlí 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. NEYTS-UYTTEBROECK

forseti.